

## **76. Fundur sveitarstjórnar Langanesbyggðar, haldinn fimmtudaginn 11. apríl 2013 kl.17:00 í félagsheimilinu Þórsveri á Þórshöfn.**

Mætt eru: Indriði Þórsoddsson, Steinunn Leósdóttir, Ævar Rafn Marinósson, Gunnólfur Lárusson, Dagrún Þórisdóttir og Sigríður Jóhannesdóttir sem ritaði fundargerð.

Varaoddviti setti fundinn, bauð fundarmenn velkomna og spurði hvort gerðar væru athugasemdir við fundarboð. Svo var ekki.

### **DAGSKRÁ:**

#### **1. Fundargerð sveitarstjórnar nr.75**

Lögð fram til kynningar

#### **2. Fundargerð atvinnu,menningar og ferðamálanefnd dags. 22.03.2013**

Í lið eitt mælir nefndin með því að Langanesbyggð framlengir samningin við markaðsskrifstofu ferðamála á Norðurlandi til ársloka 2015. Sveitarstjóra falið að ganga frá samningnum. Samþykkt samhljóða.

Lögð fram til kynningar.

#### **3. Fundargerð Landbúnaðarnefndar dags. 25.03.2013**

Lögð fram til kynningar.

#### **4. Fundargerð fræðslunefndar.**

Lögð fram til kynningar.

#### **5. Fundargerð samtaka sjávarútvegssveitarfélaga nr. 5 og 6**

Lagðar fram til kynningar .

#### **6. Fundargerð Heilbrigðisnefndar Norðurlandssvæðis eystra nr.151**

Lögð fram til kynningar.

#### **7. Skýrsla sveitarstjóra.**

Sveitarstjóri flutti skýrslu sína og svaraði fyrirspurnum .

- Sveitarstjóri sagði frá þeim sem hann hafði sambandi við vegna förgunar á slógi í sjó.
- Eigandi Halldórshúss á Bakkafirði hafði samband. Stendur til að skipta um glugga í sumar. Jákvætt þegar verið er að endurgera gömul hús og bæta ásýnd.
- Haldnir fundir með eftirtöldum aðilum:  
Skólastjóra GP, forstöðumanni Nausts, leikskólastjóra Barnabóls auk reglubundinna funda með áhaldahúsinu og hafnarverði.  
Tvær ferðir hafa verið farnar á Bakkafjörð síðan á síðasta sveitarstjórnarfundi.
- Búið að ganga frá umsókn vegna styrkvega fyrir árið 2013. Sótt var um 15 milljónir í ár. Sótt var um 12 milljónir í fyrra en fengust 2 milljónir.
- Verið að vinna í samþykktum og fyrstu drög eru tilbúin. Næsta skref er samræma nefndarsamþykktir og samþykktir sveitarfélagsins.  
Jafnframt erum við að vinna að siðareglum fyrir sveitarfélagið og er upplýsingaöflun vegna þessa hafin.
- Búið að vinna að breytingu á samþykktum um hunda- og kattahald sem verða lagðar fyrir næsta fund USB.
- Sveitarstjóri fór yfir að endurskoðendur KPMG hafi verið í vikunni vegna ársreiknings 2012. Þeir eru seint á ferðinni m.a. vegna vandamála sem komu upp vegna uppfærslu hjá Maritech í janúar sl. Stefnt að því að taka fyrri umræðu um ársreikninginn á

aukafundi 30. apríl þar sem Magnús Jónsson endurskoðandi mætir og seinni umræðu miðvikudaginn 8. maí.

- Næsti formlegi fundur sveitarstjórnar verður miðvikudaginn 24. apríl þar sem 25. apríl er frídagur.
- Deiliskipulag urðunarsvæðis við Bakkafjörð
  - Skipulags- og matslýsing hefur verið kynnt fyrir íbúum og þar var óskað eftir ábendingum
  - Þær ábendingar sem bárust eru hafðar til hliðsjónar varðandi tillögu að deiliskipulagi
  - Skipulagsstofnun er búin að yfirfara skipulags- og matslýsinguna. Þeir báðu um að skoðað yrði hvort hugsanlega fornleifar væru á svæðinu. Þann 8. apríl skoðaði Sigurður Bergsteinsson minjavörður svæðið og niðurstaða hans var sú að ekki er nauðsynlegt að fornleifaskráning fari fram á svæðinu, þar sem jarðvegur er grunnur og gróðurlítill á þeim svæðum sem ekki er búið að raska.
  - Vinna stendur nú yfir hjá Teikn við að setja saman greinargerð og umhverfisskýrslu sem mun fylgja deiliskipulagstillögunni sem brátt verður lögð fyrir umhverfis, skipulags og byggingarnefnd. Áætlað er að þeirri vinnu ljúki í næstu viku.
- Búið að skrifa undir samninginn við Björgun ehf vegna hafnarypknunar. Þeir byrja í maí og ætla að klára í september.

#### **8. Þakkabréf frá HSP dags. 13.03.2013**

Í bréfinu er HSP að þakka sveitarstjórn Langanesbyggðar fyrir veittan stuðning á árinu 2012. Lagt fram til kynningar.

#### **9. Kjörskrá Langanesbyggðar vegna alþingiskosninga 2013.**

Kjörskráin yfirfarinn og sveitarstjóra falið að undirrita hana .

Jafnframt er sveitarstjóra veitt fullnaðarheimild til að fjalla um athugasemdir, gera nauðsynlegar leiðréttingar og úrskurða um ágreiningsmál sem kunna að koma fram að kjördegi vegna Alþingiskosninga 27. apríl nk. í samræmi við 27. gr. laga um kosningar til Alþingis.

Samþykkt samhljóða.

#### **10. Drög að dagskrá vegna íbúaráðstefnu í Langanesbyggð.**

Lögð fram fyrstu drög að íbúaráðstefnu um atvinnumál. Stefnt er að því að halda hana þann 4. maí n.k. Sveitarstjóra falið að vinna áfram að skipulagi ráðstefnunnar í samstarfi við Atvinnuþróunarfélag Þingeyinga.

**Fleira ekki gert**

**Fundargerð upplesin og samþykkt samhljóða**

**Fundi slitið 18:20**